

Sp. 483. Tillaga til þingsályktunar [252. mál]

um könnun á atvinnu- og félagsmálum á Þórshöfn.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón G. Sólnes, Stefán Jónsson, Stefán Valgeirsson,
Lárus Jónsson, Ingi Tryggvason.

Alþingi álvktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar kanna ástand og horfur í atvinnu- og félagsmálum Þórshafnar í Norður-Þingeyjarsýslu. Athuga skal, hvaða ráðstafanir sé nauðsynlegt að gera til þess að tryggja þar eðlilega byggðapróun. Sérstaklega skulu kannaðir möguleikar þess að koma upp loðnuvinnslu á Þórshöfn, t. d. með því að Sildarverksmiðjur ríkisins kaupi sildarbræðsluna á staðnum og breyti henni í loðnuverksmiðju.

Greinargerð.

I.

Þórshafnarhreppur í Norður-Þingeyjarsýslu hefur undanfarin ár átt við að glíma umtalsverðan vanda í atvinnu- og fjármálum. Þó að því fari fjarri, að erfiðleikarnir á Þórshöfn séu einsdæmi í sjávarplássum hér á landi, þá hafa þeir eigi að síður hvílt afar þungt á sveitarfélaginu og valdið hreppsfélagi í heild og hreppsbíum sem einstaklingnum margs konar tjóni, sem þungt er undir að rísa til lengdar. Fyrst og fremst hafa erfiðleikarnir snert afkomu undirstöðufyrirtækja hreppsins, þ. e. Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h./f. og Útgerðarfélags Þórshafnar h./f. Þessi fyrirtæki eru miög samofin og hafa yfirléitt lotið sömu framkvæmdastiórnn. Þau eru að allri uppbyggingu „félagsleg“ eign, þar sem hreppurinn, kaupfélagið og ýmsir einstaklingar í kaupsúninu eiga hlutaféð og standa ábyrgðir fyrir rekstri þeirra. Er ekki ofmælt þótt sagt sé, að afkoma einstaklinga og heildar standi og falli með rekstrarafkomu þessara tveggja fyrirtækja, útgerðarfélags og hraðfrystistöðvar. Síðustu misseri hafa erfiðleikar Þórshafnar fyrst og fremst birst í fjárhagsvanda togaraútgerðarinnar á staðnum. Þessir erfiðleikar útgerðarinnar voru eingöngu sprottinir af bilunum á vélum og búnaði skipsins og frátöfum frá veiðum af heim sökum.

II.

Ferráðamenn Þórshafnarhrepps og fyrirsvarsmenn atvinnufyrirtækjanna með sveitarstjórnann, Bjarna Aðalgeirsson, í broddi fylkingar, hafa unnið af dugnaði og ósérplægni að því að fá ráðið fram úr þessum vandamálum. Hafa heimamenn ætíð haft miög náð og gott samband við alþingismenn kjördæmisins um leiðir til lausnar á erfiðleikum Þórshafnar, bæði fyrir og síðar, enda hafa allir þingmennirnir, hvar í flokki sem þeir hafa staðið, haft fulla samstöðu um að verða Þórs-

hafnarbúum að liði í erfiðleikum þeirra. Málefni Þórshafnar hafa mjög verið til umræðu innan ríkisstjórnarinnar, og hefur hún beitt sér fyrir því, að atvinnulífið á Þórshöfn hefur verið tekið til gaumgæfilegrar athugunar og leitað leiða til þess að bæta úr brýnasta vanda atvinnufyrirtækjanna. Fyrir samstillt átak sveitarstjóra Þórshafnar, forráðamanna útgerðarfélagins, alþingismanna og ríkisstjórnarinnar, að ógleymdum hlut forstjóra og starfsmanna Framkvæmdastofnunar ríkisins, er svo komið að togarinn Fontur PH 255 hefur hlotið þá viðgerð og endurnýjun, sem vænta verður að dugi til þess að rekstur skipsins geti gengið eðlilega. Að þessu leyti hefur verið ráðið fram úr brýnum vandamálum atvinnulífsins á Þórshöfn.

III.

Hins vegar er enn margt ótryggt hvað varðar framtíðarafkomu byggðarlagsins. Atvinnu-, fjárhags- og félagslíf staðarins skortir enn nægilega festu og öryggi. Það er því nauðsynlegt að hugsa til óleystra framtíðarverkefna í þágu Þórshafnarhrepps. Þingmenn kjördæmisins, flutningsmenn þessarar tillögu, vilja gera sitt til þess að vekja sérstaka athygli á framtíðarvandamálum staðarins, og því er þessi tillaga flutt. Í tillögunni segir, að athuga skuli hvaða ráðstafanir sé nauðsynlegt að gera til þess að „tryggja eðlilega byggðapróun“ á Þórshöfn. Ef íbúafjöldgun er notuð sem kvarði á byggðapróun, þá kemur í ljós, að Þórshafnarhreppur er nálega eini þéttbýlisstaðurinn í Norðurlandskjördæmi eystra, þar sem ekki var um fólksfjöldgun að ræða á síðasta ári. Sú staðreynd er út af fyrir sig alvarlegt umhugsunarefni og bendir eindregið til þess að verulegra aðgerða sé þörf í þágu byggðarlagsins á ýmsum sviðum atvinnu- og félagslífs.

IV.

Í tillögunni er bent á, að sérstaklega sé ástæða til að kanna möguleika á því að koma upp loðnuvinnslu á Þórshöfn. Mundi slík atvinnustarfsemi fyrst og fremst auka fjölbreytni atvinnulífsins, en einnig væri hún bein fjárhagsleg lyftistöng fyrir staðinn, m. a. með tilliti til þess, að þá væri farið að nýta á eðlilegan hátt atvinnutæki, sem hingað til hefur staðið ónotað nema í minni háttar tilgangi.

Á Þórshöfn er síldarverksmiðja, sem byggð var í lok síldaráranna, og henni má breyta í loðnubræðslu með nokkrum tilkostnaði. Verksmiðjan er að vísu ófullkomin eins og er, en eigi að síður mjög mikils virði, og hún er eign heimamanna og gæti sem slík staðið undir verulegum hluta af þeim skuldum sem atvinnufyrirtæki Þórshafnar hafa orðið að taka á sig vegna útgerðarerfiðleika síðustu missera. Í tillögu greininni er minnst á þann möguleika, að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi síldarbræðsluna á Þórshöfn og breyti í loðnubræðslu. Fyrir liggur að eigendur síldarbræðslunnar eru fúsir til þess að selja SR hessa eign sína, og hefur það mál lengi verið til umræðu. Hins vegar hefur stjórn SR ekki fallist á að kaupa verksmiðjuna, þrátt fyrir eindregin tilmæli og yfirlýstan vilja sjávarútvegsráðherra þar að lútandi fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Alþingismenn kjördæmisins hafa einnig beitt áhrifum sínum á stjórn SR um slík kaup og staðið saman að því máli. Er það skoðun okkar flutningsmanna þessarar tillögu, að heppilegasta lausnin væri sú að Síldarverksmiðjur ríkisins eignuðust síldarverksmiðjuna á Þórshöfn. Þess vegna er það ein megin tillaga okkar, að enn verði unnið að því að fá stjórn SR til að kaupa verksmiðjuna fyrir eðlilegt verð og annast um að breyta henni í loðnubræðslu. Að vísu kemur einnig til greina að útvega núverandi eigendum fé til breytinga og endurbóta, og er sjálfsagt að athuga þá lausn gaumgæfilega, enda að ýmsu leyti eðlilegast að heimamenn hafi veg og vanda af atvinnurekstri á staðnum á þessu sviði sem öðrum.

Andstaða stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins gegn því að kaupa síldarverksmiðjuna á Þórshöfn er reist á ýmsum mótbárum, og koma þær m. a. fram í bréfi SR til sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 26. október 1977, sem birt er sem fylgiskjal með þessari greinargerð. Sumar mótbáru stjórnar SR eiga ekki við nein rök að

styðjast, svo sem eins og sú, að Þórshöfn liggja ekki vel við loðnumiðum. Aðrar mót-bárur eru þess eðlis, að þær verða léttvægar við nánari athugun. Það er að vísu rétt, að síldarverksmiðjan á Þórshöfn þarf verulegra endurbóta. En það liggur fyrir að kostnaður við endurbætur er ekki yfir 150 millj. kr., sem ekki getur talist mikið fé, þegar gætt er að þeim gífurlega kostnaði, sem því fylgir að reisa nýja verk-smiðju af grunni. Sú viðbára stjórnar SR á að vega þungt, að fyrirtækinu (SR) sé nauðsynlegt að ráðast í miklar framkvæmdir á Skagaströnd og að það hafi ekki bolmagn til þess að ráðast í meiri fjárfestingar. Ef vilji hefði verið fyrir hendi, var hægt að haga framkvæmdum á Þórshöfn þannig að ekki þurfti að rekast á fjárf-estingaráform á Skagaströnd.

V.

Með þessari almennu greinargerð eru birt nokkur fylgiskjöl, sem eru til upp-lýsingar um atvinnumál Þórshafnar og á hvern hátt hefur verið fjallað um þessi efni af opinberri hálfu.

Fylgiskjal I.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS Byggðadeild

Bráðabirgðaskýrsla um atvinnumál á Þórshöfn.

1. Inngangur.

Í desembermánuði s.l. kom í ljós að hin tvö grundvallarfyrirtæki á Þórshöfn, Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f. og Útgerðarfélag Þórshafnar h.f., voru komin í algjört greiðsluþrot og fyrirsjáanlegt að rekstur þeirra mundi stöðvast innan stutts tíma. Framkvæmdastjóri fyrirtækjanna, Helgi Jónatansson, lagði fram bráðabirgða-uppgjör miðað við 1. og 10. desember s.l. ásamt skuldalistum og gerði grein fyrir ástandinu að öðru leyti. Í þeim viðræðum, sem fram fóru í Framkvæmdastofnun-inni, tók þátt Þór Guðmundsson fyrir hönd Landsbankans.

Í framangreindum gögnum og viðræðum komu eftirfarandi aðalatriði fram:

1. Skip útgerðarfélagsins, b.v. Fontur, hafði orðið fyrir alvarlegu tjóni er lest þess fylltist af sjó 17. nóvember s.l. vegna bilunar loka. Vegna þessa hafði mun minna hráefni borist til Þórshafnar en ella hefði orðið og skipið farið í kostnaðarsama viðgerð. Ekki var til fé til að leysa skipið út.
2. Frágangi við frystihúsið er ekki lokið, en ógreiddar byggingaskuldir námu 17.2 m. kr.
3. Framangreind bráðabirgðauppgjör sýna rekstrarhalla, á Hraðfrystistöðinni 12.5 m. kr. og á Útgerðarfélaginu 9.8 m. kr., eða samtals 22.3 m. kr.
4. Lausaskuldir voru almennt mjög miklar. Þar á meðal voru forgangskröf-ur, svo sem ógreidd vinnulaun og skuldir sem beinlínis gátu valdið stöðvun, eins og ógreidd olía.

Mál þetta var rætt í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins þann 17. desember. Var þar samþykkt heimild til handa forstjórum stofnunarinnar að ábyrgjast allt að 15 m. kr. bráðabirgðalán til framangreindra fyrirtækja. Tilgangur þessa var að fyrirbyggja rekstrarstöðvun fyrirtækjanna og vinna tíma til frekari athugana á rekstri þeirra og rekstrarmöguleikum með það í huga fyrst og fremst að finna leiðir til að tryggja viðunandi rekstur þeirra til frambúðar.

Heimild þessi var notuð fyrir áramót og keypti Landsbankinn víxil að upphæð 15 m. kr., sem Seðlabankinn síðan endurkeypti. Falldagur víxilsins er 15. mars n.k. Auk þess borgaði Byggðasjóður út lánsupphæð, 5.4 m. kr., í samræmi við heimild til lánveitinga vegna byggingar frystihússins og framkominna byggingareikninga.

Samtals hefur Framkvæmdastofnunin (Byggðasjóður) þá lánað fyrirtækjunum og ábyrgst þeirra vegna 85 m. kr. auk 5 m. kr. frá Atvinnuleysistryggingasjóði.

Framkvæmdastjóri fyrirtækjanna hafði samráð við starfsmenn Framkvæmdastofnunar um ráðstöfun þessa fjár.

Forstjórar fólu nú undirrituðum að hefja athuganir á máli þessu og fórum við til Þórshafnar 4. janúar s.l. Sáttum við þar fundi með stjórn fyrirtækjanna og skoðuðum frystihúsið og önnur mannvirki þeirra. Að þessari ferð lokinni teljum við rétt að gefa forstjórum og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins eftirfarandi bráðabirgðaskýrslu um þetta mál, en fram skal tekið að hér er um algjöra frumskýrslu að ræða. Athuganir á þessu vandamáli eru rétt að hefjast, og geta framhaldsathuganir að sjálfsögðu leitt til breyttrar niðurstöðu.

2. Þróun og staða byggðar.

Þórshafnar er fyrst getið í hagskýrslum sem þéttbýlisstaðar 1897 og voru þar þá 16 íbúar. Á sérstöku línuriti, sem fylgir hér með, er sýnd íbúaðróun Þórshafnar og aðliggjandi sveita. Línuritið sýnir verulega fjölgun á ákveðnum tímabilum, en jafnframt að þróunin hefur verið mjög skrykkjótt. Þá sést og að mjög hefur fækkað í aðliggjandi sveitahreppum og að heildaríbúafjöldi svæðisins hefur verið á niðurlagið s.l. tvo áratugi. Í desember 1975 voru íbúar svæðisins 663, þar af á Þórshöfn 454.

Meðfylgjandi tafla um aldursskiptingu sýnir verulegan hlutfallslegan fjölda barna og ungs fólks á Þórshöfn, en að eldri aldursflokkar eru tiltölulega miklu minni.

3. Grundvöllur atvinnulífsins.

Ekki skal að þessu sinni gerð tilraun til úttektar á atvinnulífi á Þórshöfn, en vísað til Byggðaðróunaráætlunar Norður—Þingeyjarsýslu, t. d. bls. 106. Grundvallaratriði er, að Þórshöfn er sjávarútvegsplass og þjónustumiðstöð mjög fámennra sveita. Fyrst og fremst hefur þorpið byggst upp sem útgerðarstöð og sem aðrir slíkir staðir stendur það eða fellur með sjávaraflanum.

Áratugum saman hafa heimamið Þórshafnarbúa verið tiltölulega fengsæl og örugg, og hafa verið sá besti grundvöllur sem viðgangur þorpsins hefur byggst á. Á síðustu árum hefur afli á þessum miðum minnkað mjög og þar við hefur svo bæst að samkvæmt reglum þeim, sem settar hafa verið til verndar fiskstofnum við landið, eru togveiðar með öllu bannaðar á hinum hefðbundnu veiðislóðum Þórshafnarbúa. Í ljósi þessara staðreynda og með nýbyggt frystihús á staðnum, sem þarfnast mikils hráefnis, var sú ákvörðun tekin að kaupa skuttogara til staðarins. Hér fara á eftir tölur yfir heildarþáttafli Þórshafnarbúa 1965—1975 svo og skiptingu aflans 1975.

Heildarafli báta á Þórshöfn 1965—1975.

Ár	Tonn
1965	1 291
1966	1 579
1967	1 972
1968	1 471
1969	1 751
1970	1 828
1971	3 129
1972	3 114
1973	3 112
1974	2 861
1975	2 435

Fyrirsjáanlega hefur bátaafliinn 1976 orðið um helmingi minni en 1975.

Skipting bátaafans 1975.

	Fryst	Saltað	Hert	Í mjölv.	Til neyslu	Samtals
Dorskaflí	1 838	356	23	18	17	2 252
Flatfiskur	182				1	183

Ekki eru fyrir hendi upplýsingar um grásleppuveiði, sem er töluverð.

4. Fiskiskip.

Auk skuttogarans Font's eiga Þórshafnarbúar þrjú ný eða nýleg stálfiskiskip, einn 36 tonna eikarbát og 4 litla þilfarsbáta (Sjómannaalmanak 1977). Ekki liggja fyrir upplýsingar um fjölda trillubáta, sem eru nokkrir.

Hér fer á eftir listi yfir skipin:

B.v. Fontur þht 255 (ex Suðurnes). Smíðaður úr stáli í Noregi 1969, 300 brt.

Langanes þht 321. Stálskip, Seyðisfjörður 1976, 99 brt.

Fagranes þht 123. Stálskip, Seyðisfjörður 1969, 51 brt.

Borgþór þht 231. Stálskip, Hafnarfjörður 1972, 45 brt.

Geir (ex Glaður) brt 150. Eikarskip, Danmörk 1953, 36 brt.

4 þilfarsbátar 4—8 brt.

5. Erfiðleikar togaraútgerðar.

Þar sem athafnafrelsi togara fyrir Norður- og Norðausturlandi hefur verið skert mjög er ljóst að langt er að sækja til fiskimiða frá Þórshöfn. Litla viðgerðarþjónusta er og að hafa í heimahöfn, og verður annað tveggja að sækja viðgerðarmenn til annarra staða eða vitja annarra hafna í veiðiferðum þegar minni háttar bilanir verða. Má búast við töfum af þessum sökum umfram togara sem gerðir eru út víða annars staðar. Því er líklegt að að öðru jöfnu megi gera ráð fyrir að afli togara, sem gerður er út frá Þórshöfn, verði af þessum sökum minni en togara, sem gerðir eru út frá stöðum, þar sem aðstæður eru betri. Auk þessa hefur enn reynt erfitt að fá reynda stjórnendur á skipið, e. t. v. í og með af fyrrgreindum ástæðum. Núverandi skipstjóri hefur sagt starfi sínu lausu frá og með 23. mars n.k. Reynt er nú að fá reyndan skipstjóra til að taka við skipinu, en skipstjóri hefur tjáð sig fúsan til að hætta fyrir 23. mars fáist nýr maður fyrir. Vélstjóri sá, sem var 1. vélstjóri þegar skipið kom til Þórshafnar, hætta fljótlega og nú eru réttindalíflir og óreyndir vélstjórar um borð. Auk þess er fyrsti stýrimaður óreyndur í skipstjórn.

Grundvallaratriði er að reyndir stjórnendur fáist á skipið sem fyrst, ekki síst þegar haft er í huga að nú fer í hönd aðalaflatími togaranna.

6. Möguleikar á auknum bátaafli.

Á fundinum á Þórshöfn 4. jan. s.l. kom ýmislegt fram sem athyglisvert má telja með tilliti til fiskveiða í Þistilfirði og nærliggjandi veiðisvæðum. Einnig var rætt við Vilhjálm Þorsteinsson fiskifræðing við útibú Hafrannsóknastofnunarinnar á Húsavík, sem einnig gaf athyglisverðar upplýsingar. Ljóst er að nauðsynlegt er að bátaafli vaxi verulega frá því sem hann var á s.l. ári, þó útgerð h.v. Font's takist samlega. Takist ekki að halda útgerð togarans áfram er ekki að neinu öðru að hverfa en bátaútgerð, og er þá ljóst að mjög róttækra aðgerða er þörf til að tryggja frystihúsinu nægilegt hráefni og þar með atvinnu og byggð á Þórshöfn.

Skulu nú dregin saman í sem stystu máli atriði, sem fram komu á fundinum á Þórshöfn og á fundinum með Vilhjálmi Þorsteinssyni fiskifræðingi.

1. Að álitni heimamanna var veruleg fiskgengd í firðinum í sumar, þar á meðal talsvert magn af tiltölulega góðri ýsu. Gerðar voru tilraunir með að veiða ýsuna í nótt, og tókust þær tilraunir vel hvað ýsuafla snertir, en tilrauninum var hætt, enda nóttaveiði almennt bönnuð.
2. Heimamenn telja, að afli muni glæðast í vetur, og vitnuðu m. a. til vel heppnaðra línuróðra í desember. Þá fékkst sæmilegur afli af góðum þorski. Hins vegar töldu heimamenn að erfitt geti reynst að fá útgerðarmenn til að hefja veiðar á heimamiðum vegna erfiðs fjárhags þeirra og óvissu um afkomu.
3. Heimamenn töldu að auka mætti verulega veiðar á kola í dragnót, m. a. með því að opna ný veiðisvæði, þ. á m. sunnan Langaness. Fiskifræðingur tók undir þetta álit. Kom fram hjá honum að veiðitilraunir hans og rannsóknir í sumar á svæðinu frá Eyjafirði til Borgarfjarðar eystra sönnuðu þær kenningar fiskifræðinga, að dragnót með nægilega stórum möskva væri miklu frekar ræktunartæki en eyðileggingar og því sjálfsagt að auka notkun hennar. Heimamenn töldu og nauðsynlegt að breyta veiðitímabili dragnótaveiða frá því sem nú er, þannig að veiða mætti lengra fram á veturna.
4. Heimamenn töldu reglur Aflatryggingasjóðs sér mjög óhagstæðar og ræddu um möguleika á að fá þeim breytt. Einnig kom fram það álit þeirra, að tryggingargjöld lægju óeðlilega þungt á rekstri báta af þeirri stærð sem gerð er út frá Þórshöfn. Almennt séð væri rekstrargrundvöllur bátanna mjög óviss.

Auk þess, sem greint er frá hér að framan, hefur verið rætt um aðrar hugmyndir sem að gagni mættu koma til að tryggja meiri afla af heimamiðum. Á fundinum með fiskifræðingnum var rætt um hvort mögulegt væri að veita heimabátum takmörkuð togveiðileyfi undir ströngu eftirliti, og kom fram að slíkt væri alls ekki óhugsandi frá fiskifræðilegu sjónarmiði. Einnig hefur verið rætt um hvort hagkvæmt geti verið að vænlegt til árangurs að setja upp á Þórshöfn eina línubeitingarvél í landi sem þjónaði öllum línubátum á staðnum.

7. Síldarverksmiðjan.

Á Þórshöfn er síldaverksmiðja sem fullgerð var 1966, en hefur lítið verið notuð. Verksmiðjan er notuð til að vinna úrgang frá frystihúsinu, en er ógangfær að öðru leyti. Á Þórshöfn var okkur tjáð að gerð hefði verið kostnaðaráætlun um standsetningu verksmiðjunnar til loðnuvinnslu sem hljóðaði upp á um 50 m.kr. Þess skal getið, að eigi loðnulöndun að fara fram á Þórshöfn má telja víst að dýpka þurfi höfnina og lagfæra að öðru leyti.

8. Niðurstöður.

Á þessu stigi er niðurstaðan fyrst og fremst sú, að halda verði áfram athugunum á möguleikum til að tryggja rekstur útgerðar og fiskvinnslu á Þórshöfn og að því verki verði að hraða eftir föngum. Athuganir þurfa að beinast að raunverulegri hráefnisþörf Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h.f. og að ráðstöfunum til að tryggja að það hráefni berist þar að landi. Höfuðatriði málsins eru að togarinn afli nægilega í vetur og að fundinn verði grundvöllur fyrir útgerð bátanna og hún aukin.


Bjarni Einarsson.

Helgi Ólafsson.

Karl Bjarnason.

Fylgiskjal II.

**ÍBÚAFJÖLDI ÞÓRSHAFNAR OG
AÐLIGGJANDI SVEITA 1911-1975.**



Fylgiskjal III.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS Byggðadeild

Hlutfallsleg aldursskipting á Þórshöfn og nágrenni 1. 12. 1975.

	0—14 ára	15—19 ára	20—24 ára	25—59 ára	60—69 ára	70 ára og yfir	Alls
Allt landið	29,5	10,3	9,1	38,2	6,6	6,3	100,0
Höfuðborgarsvæðið	27,8	10,1	8,9	39,9	7,0	6,3	100,0
Norðurland	31,1	10,2	8,9	35,8	6,7	7,3	100,0
Akureyri	31,6	9,8	9,1	36,2	6,7	6,6	100,0
Þórshafnarsvæðið	28,9	11,7	9,6	35,3	8,2	6,3	100,0
Þórshöfn	31,7	12,7	10,0	34,3	6,5	4,8	100,0
Svalbarðshreppur	21,3	10,7	9,3	39,4	9,3	10,0	100,0
Sauðaneshreppur	26,7	6,7	6,7	33,3	18,3	8,3	100,0

Fylgiskjal IV.

Ingvar Gíslason alþm.

Akureyri, 11. júlí 1977.

Um ástand og horfur í atvinnumálum á Þórshöfn.

Föstudaginn 8. þ. m. var haldinn á Akureyri sameiginlegur fundur alþingismanna Norðurlandskjördæmis eystra og stjórnarmanna Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h.f. og Útgerðarfélag Þórshafnar h.f. Til fundar þessa var boðað með mjög stuttum fyrirvara, en fundinn gátu sótt 5 af 6 þingmönnum kjördæmisins. Efnt var til fundarins samkvæmt sérstakri beiðni Helga Jónatanssonar, forstjóra á Þórshöfn, til þess að ræða ástand og horfur í atvinnumálum á staðnum. Má segja, að þessi sameiginlegi fundur hafi verið boðaður í beinu framhaldi af fundi stjórnar Framkvæmdastofnunar ríkisins 5. þ. m. Á þessum fundi Framkvæmdastofnunar var m. a. á dagskrá að ræða ástand og horfur í atvinnumálum Þórshafnar, og lauk umræðum með þeirri samþykkt, að á vegum Framkvæmdastofnunar skyldi sem fyrst gera úttekt á atvinnulífi Þórshafnar og leggja fram tillögur til lausnar í því sambandi.

II.

Vandi atvinnulífsins á Þórshöfn er fólgin í fjárhagserfiðleikum útgerðar skuttogarans Fonts ÞH 255.

Útgerðarfélag Þórshafnar h.f. keypti skip þetta nokkru fyrir mitt ár 1976. Hefur útgerð þess því staðið u. þ. b. eitt ár. Óhöpp hafa steðjað að útgerðinni, sem mörg, ef ekki flest, voru óvænt og ófyrirséð. Tíðar bilanir á búnaði og tækjum hafa mestu um valdið, en nefna má dæmi um kostnað, sem rekja má til mistaka af manna völdum. Þess háttar óhöpp má síst af öllu ofgera, því að slíkt mundi leiða til rangs mats á aðalástæðum þess taprekstrar og annars fjárhagsvanda, sem við er að glíma í sambandi við útgerð Fonts ÞH 255.

Því fer einnig fjarri, að útgerðarstjórn sé áfátt. Verður ekki annað séð en að stjórnendur fyrirtækisins hafi sýnt árvekni og dugnað í miklu mótlati. Þess má minnst að sömu menn stjórna rekstri hraðfrystistöðvarinnar, og ber sá rekstur ekki merki vanstjórnar, nema síður sé.

Þá bendir flest til þess, að skipstjórnarmenn á togaranum séu færir í starfi sínu, þótt tímabundinn vanbúnaður skipsins hafi gert þeim örðugt fyrir.

III.

Frumorsökin fyrir taprekstri Fonts ÞH 255 er þannig vanbúnaður skipsins sjálfs. Að þeirri fullyrðingu má leiða ýmis rök, m. a. liggur fyrir umsögn Auðuns Auðunssonar skipstjóra, sem kynnst hefur skipinu af eigin reynd, og Stefán Jóhannsson, forstjóri Vélsmiðju Seyðisfjarðar, hefur látið svipað í ljós.

Liggur því beinast við að álykta að eitt af því fyrsta, sem gera þarf útgerð Fonts til viðreisnar, sé að bæta úr þessum vanbúnaði. Samkvæmt álii dómbærra manna er Fontur í sjálfu sér gott skip, en gallað vegna langvarandi vanhírðu, skorts á viðhaldi og ófullnægjandi búnaði. Ef úr ágöllum væri bætt og galdið fyrir gamlar vanrækslusyndir er víst, að Fontur ÞH 255 mun ekki gefa eftir öðrum skipum sanbærilegum.

IV.

Sú skoðun hefur nokkuð komið fram, að Þórshöfn sé óheppilegur staður fyrir togaraútgerð. Menn segja sem svo, að kaптúnið sé dæmigert „bátaraútgerðarpláss“. Þessi skoðun er í sjálfu sér ekki óeðlileg, og játa ber að hún átti við rök að styðjast fyrir nokkrum árum. Svo er þó ekki eins og nú er komið. Vitaskuld er Þórshöfn hvorki betri né verri togaraútgerðarstaður en öbbinn af smærri kaптúnum á Norður- og Austurlandi. A. m. k. er víst, að bátaraútgerð frá Þórshöfn nú er miklum annmörkum háð og er ófullnægjandi miðað við hráefnisþörf hraðfrystihússins. Á 6 mánaða tímabili hefur frystihúsið tekið á móti ca. 1800 tonnum af fiski. Þar af eru 1100 tonn afli Fonts ÞH 255 þrátt fyrir miklar tafir frá veiðum, en 700 tonn bátafiskur. Aðgæta ber að bátaraútgerð getur verið erfið og stopul á Þórshöfn vetrarmánuðina, bæði fyrir og eftir áramót. Togaraútgerð tryggir yfirleitt jafnari löndun hráefnis og eðlilegri starfsemi vinnslustöðva. Hvað Þórshöfn snertir, yrði að tvöfalda eða meira núverandi bátafloata, ef horfið yrði með öllu að bátaraútgerð. Bátaraútgerðin krefst margfalds mannafla á við togara. Er líklegt að þörf yrði fyrir þrisvar til fjórum sinnum fleiri sjómenn ef bátaraútgerð kæmi í stað togarans. Víst er að bátafloati, sem gagn er að, getur ekki orðið til á einum degi. Til þess skortir flest skilyrði.

V.

Raunhæfasta leiðin til þess að bæta úr erfiðleikum útgerðarinnar á Þórshöfn er að halda áfram rekstri togarans. Þess vegna verður að vinna að því að útvega fjármagn til þess að endurbæta skipið og bæta rekstrarstöðu þess með ráðstöfunum, sem létta byrði fyrirtækisins vegna taprekstrar síðustu mánaða svo og önnur skuldaþynsli. Verði ekki að slíku ráði horfið, blasir við hrun í kaптúninu.

VI.

Þótt taprekstur skuttogara Þórshafnarmanna sé mikill og horfur iskyggilegar, þá er fjarri því, að ástæða sé til tómrar svartsýni um viðreisn útgerðarfélagsins. Mikilvægt er að vilji til að finna úrræði sé fyrir hendi. Mun sannast mála að menn hafa oft staðið frammi fyrir meiri vanda en í þessu tilfalli. Þess má m. a. geta, að Þórshafnarmenn eru ekki eignalausir meðan þeir eiga sildarverksmiðju, sem meta má á mörg hundruð milljónir og breyta má í loðnubræðslu með tiltölulega litlum kostnaði. Þessa verksmiðju mundu eigendur fúsir til að selja, t. d. Sildarverksmiðjum ríkisins. Gæti við þá sölu losnað um fjármagn, sem nýta mætti til viðreisnar útgerð og fiskvinnslu.

VII.

Vandamál Þórshafnar eru til sérstakrar meðferðar Framkvæmdastofnunar ríkisins, eins og nefnt hefur verið. Þar sem margt bendir til að Framkvæmdastofnun telji sér ekki fært að ráða fram úr vandanum án beinna afskipta ríkisstjórnarinnar, hefur mér þótt rétt að rita ríkisstjórninni þetta bréf, sem felur fyrst og fremst í sér skoðun mína, en einnig, að ég ætla, flestra eða allra þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra á þessu alvarlega máli, sem snertir grundvallarhagsmuni mikils fjölmennis í kjördæmi okkar.

Virðingarfyllt,

Ingvar Gíslason
alþm.

Til ríkisstjórnarinnar
c/o Geir Hallgrímsson forsætisráðherra.
Reykjavík.

Samrit sent Ólafi Jóhannessyni dómsmálaráðherra.
Afrít send öðrum ráðherrum.

Fylgiskjal V.

Áfangaskýrsla um atvinnumál á Þórshöfn.

Frá byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins 12. júlí 1977.

Inngangur.

Hinn 11. janúar síðastliðinn var tekin saman bráðabirgðaskýrsla um atvinnumál á Þórshöfn. Var hún gerð í tilefni af því, að grundvallarfyrirtæki Þórshafnar, Hraðfrystistöð Þórshafnar h.f., og Útgerðarfélag Þórshafnar h.f., voru komin í algjört greiðslubrot og rekstrarstöðvun vofði yfir. Í framangreindri skýrslu er ástandi mála lýst eins og það var í janúarbyrjun og vísað um það efni í hana um annað en fjárhagsstöðu fyrirtækjanna, þar sem endanleg uppgjör liggja nú fyrir.

Tap Hraðfrystistöðvarinnar reyndist verða 261 þús. kr. árið 1976, en þá er tekið tillit til afskrifta að upphæð 18.4 milljónir króna. Um er að ræða mun hagstæðari rekstrarárangur en gert var ráð fyrir er bráðabirgðaskýrslan var tekin saman.

Hins vegar reyndist tap Útgerðarfélagssins 65.9 milljónir króna.

Bráðabirgðauppgjör Útgerðarfélagssins fyrir tímabilið 1. 1.—15. 5. 1977 sýndi 48.6 milljóna tap.

Þannig hefur Útgerðarfélag Þórshafnar tapað samtals 114.4 milljónum frá því rekstur togarans hófst 6. 8. 1976 til 15. 5. 1977.

Er þannig ljóst að erfiðleikar atvinnulífs á Þórshöfn stafa aðallega af miklum rekstrarerfiðleikum togarans b.v. Fonta, þar sem um er að kenna vanbúnaði og slæmu ástandi skipsins sjálfs, lítilli viðgerðarþjónustu heima fyrir og því, hve langt hefur verið að sækja til fiskimiða frá Þórshöfn. Einnig hefur reynt erfitt að fá vanan mannskap á skipið.

Um rekstur togarans.

Togarinn b.v. Fontur ÞH 255 var keyptur af Suðurnesi h.f. á síðasta ári og hóf veiðar 6. ágúst 1976. Var togarinn afhentur Útgerðarfélaginu að aflokinni 8 ára klössun. En þrátt fyrir þessa flokkunarviðgerð undir eftirliti Norsk Veritas reyndist ýmis búnaður skipsins í ólagi, jafnvel atriði, sem varða öryggi skipsins. Það er álit Auðuns Auðunssonar skipstjóra, sem var með skipið fyrri hluta ársins, að það sé vel hannað sem togskip, þótt lítið sé, og ætti að geta reynt vel væri það í því lagi sem það ætti að vera, ef frá er talinn galli í hönnun lensikerfis.

Vegna hins lélega ástand skipsins hefur það margoft stöðvast vegna bilana og munu þegar vera komnir um 40 bilanadagar á síðastliðnum sex mánuðum. Skráðir úthaldsdagar togarans 4½ fyrsta mánuð ársins voru 117, en á sama tíma var meðaltal Norðurlandstogara 132 dagar og 127 hjá Austurlandstogurum.

Frá því að útgerð togarans hófst 6. ágúst síðastliðið ár aflaði hann 571 tonn á 105 úthaldsdögum (120-130 dagar hefðu talist eðlilegt úthald). Aflamagn á úthaldsdag var 5.4 tonn, en meðalafli togara frá Norðurlandi 1976 var 7.6 tonn á úthaldsdag og 7 tonn hjá Austurlandstogurum.

Til 15. maí í ár aflaði Fontur 738 tonn á 117 dögum, eða 6.3 tonn á úthaldsdag, en samsvarandi meðaltöl og í fyrri málsgrein voru 8.5 tonn og 8.3 tonn.

Af framansögðu má draga þá ályktun, að með góðri áhöfn mætti auka afla togarans allmikið, ef hann væri í góðu lagi. Meðfylgjandi er greinargerð um viðgerðarþörf skipsins.

Almennt um útgerð á Þórshöfn.

Svo sem fram kemur í bráðabirgðaskýrslunni hefur Þórshöfn verið bátaútgerðarstaður til þessa. En minnkandi afli á heimamiðum og bygging nýs frystihúss voru talin gera skuttogarakaup nauðsynleg.

Síðastliðinn vetur glæddist afli mjög á grunnslóð. Þannig öfluðu bátar á Þórshöfn mjög vel í apríl og maí síðastliðnum. Bátaafliinn í apríl var 278 tonn, en var 85 tonn á sama tíma í fyrra. Í maímánuði var aflinn 182 tonn á móti 56 tonnum í fyrra. Á meðfylgjandi töflu er greint frá aflamagni á einstökum mánuðum 1976 og fyrstu mánuði 1977. Heildarafli 1976 var aðeins 1499 tonn að afla togarans meðtöldum. Þessi lélegi afli miðað við fyrri ár (sjá bls. 4 í bráðabirgðaskýrslu) gerði frystihúsi þó kleift að sleppa við hallarekstur á síðasta ári. Þannig virðist mjög athugandi að kanna möguleika á að fá útgerðarmenn til að reyna meiri sókn á heimamið en verið hefur. Ljóst er að missir togarans krefst róttækra aðgerða til að auka aflann, og þyrfti m. a. að athuga möguleika á rýmkun veiðiheimilda fyrir bátaflotann, jafnframt aukinni sókn.

Umfang erfiðleikanna — möguleikar á lausn.

Í fyrsta lagi má vera ljóst, að togarinn hefur forðað frá miklu atvinnuleysi á síðasta ári. Það ár var bátaafli aðeins 928 tonn á móti 2 435 tonnum 1975 og enn meiri afla næstu fjögur ár þar á undan (bráðabirgðaskýrsla). Þó er rétt að hafa það í huga, að síðastliðin tíu ár hafa bátarnir aflað jafnmikið og oft mun meira en heildarafliinn var síðastliðið ár, að afla togarans meðtöldum.

Stafar hinn stórminnkandi bátaafli bæði af minni fiskgengd, sem nú virðist þó vera að aukast á ný, og lokun svæða á heimamiðum, þannig að útgerðarmenn bátanna hafa eitthvað leitað á önnur mið og verstöðvar.

Þrátt fyrir að togarinn hafði reynst vel til að fylla upp gatið, sem stafar af hinum stórminnkandi afla bátanna, getur hinn mikli hallarekstur ekki gengið lengur. Ekki er gott að áætla hvað mikið kostar að koma togaraútgerð á réttan kjöl fjárhagslega. Þar er bæði um að ræða nauðsynlegan viðgerðarkostnað og aðgerðir til að koma fjárhag Útgerðarfélags Þórshafnar á réttan kjöl eftir hinn mikla taprekstur síðastliðið ár. Bæði hefur myndast neikvæð lausafjárstaða að upphæð um 40 millj. kr. skv. bráðabirgðauppgjöri og einnig eru afborganir og vextir sjóða í vanskilum að upphæð um 70 millj. kr. og afborganir og vextir annarra skuldabréfa að upphæð 17 millj. kr. Samtals er því lausafjárstaða að teknu tilliti til vanskila af langtímalánnum neikvæð um 127 milljónir króna. Tölurnar byggjast á uppgjöri útgerðarfélagsins pr. 15. 5. 1977 og yfirlit um stöðu lána á Fonti pr. 31. 7. 1977. Við þær tölur bætist síðan viðgerðarkostnaður, eins og áður er sagt, ef koma á útgerðinni á réttan kjöl.

Tvær leiðir virðast koma til álita til að velja um til frambúðar. Annars vegar að selja togarann og treysta eingöngu á bátaafli. Hins vegar að gera togarann í fullkomið lag og freista þess að gera hann áfram út:

1. Sala á skuttogaranum.

Ef áhugi er á að athuga þann möguleika nánar þarf að athuga hvort hægt sé að ná upp nægilegu aflamagni. Kanna þarf hvað mikinn afla þarf af bátum samtals til að tryggja arðbæran rekstur frystihúss. Líklega þarf heldur meira aflamagn en ef togari er á staðnum vegna meiri sveiflna í aflamagni, en toppana þyrfti að salta. Með hliðsjón af æskilegu aflamagni og reynslu fyrri ára þarf síðan að áætla nauðsynlega samsetningu bátaflotans. Meðal annars þarf að athuga möguleika á tilhliðrunum fyrir Þórshafnarbáta hvað snertir veiðiheimildir. Einnig þyrfti að athuga möguleika á vélbeitingu í landi fyrir litlu bátana.

2. Ef vilji er til að halda útgerð togarans áfram þarf að kanna hvað líklegt sé að hann veiði mikið sé hann í góðu lagi. Ef rekstrarmöguleikar teljast þá fyrir hendi þarf að taka afstöðu til, hvernig eigi að fjármagna það sem til þarf, eða 100-140 milljónir króna + viðgerðarkostnað. Ekki er hægt að benda á möguleika á því hér. Þó er rétt að geta þess, að heimamenn hafa nefnt þann möguleika að selja S.R. tíu ára gamla sildarverksmiðju, sem stendur ónotuð. Í hvaða samhengi sem það yrði sýnist alla vega sjálfsagt að taka verksmiðjuna í notkun á ný, en hún þarfnast einhverrar lagfæringar.

Bolfiskafli á Þórshöfn 1976 og 1977 í tonnum.

	1976		1977	
	Bátar	Togarar	Bátar	Togarar
Janúar	30		7	212
Febrúar	90		42	57
Mars	35		79	195
Apríl	85		278	238
Mái	56			
Júní	42			
Júlí	231			
Ágúst	113	154		
September	140	165		
Október	69	138		
Nóvember	30	106		
Desember	7	10		
	928	577		

Viðgerðir og endurbætur á b.v. Fonti.

Þann 27. apríl s.l. gaf þáv. skipstjóri á b.v. Fonti, Auðunn Auðunsson, stjórn Utgerðarfélags Þórshafnar h.f. skýrslu um ástand skipsins, um þau atriði, sem lagfæra þyrfti, og um þær endurbætur, sem gera þyrfti á skipinu. Fylgir hér með ljósrit af fundargerð þessa stjórnarfundar, þar sem er að finna lista yfir þessi atriði, en án mats á þýðingu einstakra þátta umfram aðra.

Þann 4. júlí s.l. ræddi undirritaður við Auðun Auðunsson um ástand Fonts og fékk hjá honum nánari skýringar á ýmsu því, sem fram kemur í þessari fundargerð, og einnig gaf Auðunn álit á hvaða lagfæringar og viðgerðir væru að hans mati brýnastar. Flokkaði hann atriðin í þrjá flokka eftir þýðingu. Í fyrsta flokkinn fellur það, sem hann telur að lagfæra verði tafarlaust, eigi að vera unnt að halda rekstri skipsins áfram. Í öðrum flokki eru atriði, sem þarfnast aðgerða fljótlega, en eru ekki bráðnauðsynleg til þess að útgerðin geti gengið næstu mánuði. Í þeim þriðja

eru svo annars vegar viðgerðir, sem framkvæma má við hentugleika, og hins vegar endurbætur. Auðunn bætti tveimur atriðum inn í listann, svo sem fram kemur hér á eftir.

Auðunn Auðunsson lét það álit sitt í ljós, að þótt Fontur væri lítið skip, of stutt til togveiða í vondum veðrum, væri hann í höfuðatriðum gott skip, sem ætti að vera tiltölulega auðvelt að reka verði því komið í lag. Að ábendingu Auðuns var haft símasamband við Stefán Jóhannsson, forstjóra Vélsmiðju Seyðisfjarðar, sem hafði skoðað skipið vandlega þegar það var þar í viðgerð fyrir stuttu. Efnislega var um-sögn Stefáns sem hér segir:

„Fontur er skemmtilegt og vel hannað skip og þar eru margir mjög góðir hlutir um borð og gott fyrirkomulag á mörgum sviðum. Lensikerfi skipsins er að vísu gallað í hönnun og þarf að breyta því og skipið hefur drabbast niður og er í slæmu ástandi. Ákveðin atriði þarf að lagfæra sem fyrst, en höfuðatriði er að fyrsta flokks vélstjóri fái á skipið, sem geti séð um lagfæringar á því stig af stigi.“

Hér fer á eftir viðgerðalistinn eins og fram kom hjá Auðuni Auðunssyni.

Fyrsti flokkur, bráðnauðsynlegar viðgerðir.

1. Ljúka endurnýjun sjólagna og smuroliulagna.
2. Almenn yfirferð á rafkerfi skipsins og lagfæringar eftir þörfum.
3. Setja samfösunarrofa fyrir ljósavélarnar.
4. Lagfæringar og stillingar á girskiptingu og stofnrofa við aðalvél.
5. Kaupa fleytibát og reykkófunartæki.

Annar flokkur, brýnar viðgerðir.

1. Endurnýjun á gólfi í aðgerðarrými sem er loft yfir vélarrúmi.
2. Endurbygging á fiskmóttökunni og aðgerðaraðstöðunni.
3. Koma varastjórnborði spils í lag.
4. Kaup á loggi, U.S.M. talstöð og löglegri millibylgjústöð.

Þriðji flokkur, nauðsynlegar viðgerðir og endurbætur.

1. Vinnukrani miðskips.
2. Athugun og líklega viðgerð kapalsspils.
3. Lagfæringar á leiðslum við vökvastýri (neyðarstýri).
4. Kaupa dýptarmæli með sambyggðri fisksjá.
5. Lensidælur í móttöku.
6. Kaupa plotter við loran C.
7. Nýtt spil aftan á skipið.
8. Lokun hliða aftan við lúguna.
9. Skrófuhringur.
10. Flottroll.
11. Ísvél.

Á þessu stigi er ómögulegt að nefna kostnaðartölur, en nauðsynlegt er að skipið verði skoðað af sérfróðum mönnum og gerðar kostnaðaráætlanir um einstaka þætti.

Þess skal að lokum getið, að skipið fór í 8 ára flokkunarviðgerð á síðasta ári undir eftirliti Norsk Veritas og er furðulegt að ýmis framangreindra atriða skuli þá ekki hafa verið lagfærð.

Fylgiskjal VI.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS

Byggðadeild

Til: Sjávarútvegsráðherra.

Frá: Framkvæmdastjóra byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins.

Efni: Ástand atvinnumála á Þórshöfn og hugsanleg eigendaskipti á fiskimjölsverk-smiðjunni þar.

Með vísun til fundar okkar Ingimars Einarssonar með yður s. l. föstudag legg ég fyrir hönd Framkvæmdastofnunar ríkisins fram eftirfarandi greinargerð um ástand atvinnumála á Þórshöfn vegna stöðvunar b.v. Fonds og hins mikla fjárhagsvanda sem hallarekstur togarans hefur valdið.

Ekki er á þessu stigi unnt að leggja fram allar þær upplýsingar sem æskilegar eru vegna ákvörðunartöku í máli því, sem hér um ræðir, þ.e. kaup Sildarverk-smiðja ríkisins á fiskimjölsverk-smiðjunni á Þórshöfn. Það, sem fyrst og fremst vantar, er fullkomnari upplýsingar til að dæma um raunverulegt verðmæti verk-smiðjunnar. Einnig vantar enn uppgjör á reikningum Hraðfrystistöðvar Þórshafnar miðað við 31. ágúst s. l., sem unnið er nú að. En vegna þess á hve viðkvæmu stigi mál þetta nú er, eins og lýst verður hér á eftir, vona ég að þær upplýsingar, sem hér koma fram, dugi til að unnt sé að taka ákvörðun um aðgerðir, sem tryggja að lokið verði þeim viðgerðum og endurbótum, sem nú standa yfir á b.v. Fonti og tryggi fjárhagslegan grundvöll fyrir rekstri togarans.

Eins og yður er kunnugt hr. ráðherra, stöðvaði forstjóri Vélsmiðju Hafnar-fjarðar vinnu í vélarrúmi b.v. Fonds s. l. föstudag vegna þess, að áfallinn kostnaður umfram þær 5 m. kr., sem Byggðasjóður hafði lánað til verksins, hafði ekki verið greiddur. Hins vegar er unnið að breytingum á fiskmóttöku. En nú er svo komið, að mikil hætta er á, að sá áhafnarkjarni, sem fengist hefur á skipið, tapist. Útgerðarfélagið gat ekki greitt þessum mönnum laun í lok síðustu viku og greiddi skipstjóri þeim bluta launa úr eigin vasa. En þannig geta málin ekki staðið nema fáeina daga.

Ef Útgerðarfélag Þórshafnar h.f. missir þessa menn, sem taldir eru mjög vel hæfir, verður erfitt að fá hæfa menn á þetta skip. Burt séð frá öllum fjármálalegum og tæknilegum aðgerðum er góð áhöfn skilyrði þess, að unnt verði að reka skipið með sómasamlegum árangri. Því er nauðsynlegt að taka ákvörðun um aðgerðir svo fljótt sem verða má.

Aðdragandi erfiðleikanna.

Í þessu sambandi vísa ég til eldri greinargerða, dags. 11. janúar, 16. og 22. september. Ég vil leggja áherslu á eftirtalin atriði:

1. Fiskimið Þórshafnarbúa voru talin meðal hinna öruggustu hér við land. Á allra síðustu árum, sérstaklega 1974 og síðan, hafa mið þessi gefið af sér mun minni afla en áður, þó nokkuð hafi þann glæðst í ár.
2. Samkvæmt reglum þeim, sem settar hafa verið til verndar fiskstofnum við landið, hafa togveiðar verið bannaðar með öllu á þessum miðum.
3. Allir voru sammála um að nauðsynlegt væri að byggja nýtt frystihús á staðnum. Bygging þessa húss tókst mjög vel, það varð tiltölulega ódýrt og er talið mjög gott.
4. Ekki var talið mögulegt að afla húsinu nægilegs hráefnis nema með útgerð togará, og fullyrða má að svo sé enn.

5. Forsvarsmenn Þórshafnarbúa óskuðu eftir kaupum á öðru togskipi en b.v. Fonti (þ. e. b.v. Suðurnes), en áttu ekki annarra kosta vól.
6. Skipið var í mjög slæmu ástandi og sú átta ára flokkunarviðgerð, sem fram fór á því áður en það var afhent til Þórshafnar, var furðulega gagnslítill.
7. Erfiðlega gekk að manna skipið og það varð fyrir miklum bilunum og missti þannig mikinn veiðitíma.

Þetta eru aðalskýringar á taprekstri Útgerðarfélagss Þórshafnar umfram það sem eðlilegt getur talist á fyrsta rekstrarári togara. Hér fara á eftir helstu rekstrar-tölur fyrirtækisins fyrir árið 1976 (1. júní til 31. des.) og fyrir fyrstu átta mánuði 1977 í m. kr.

	1/6—31/12 1976	1/1—31/8 1977
Tekjur	38,4	123,1
Tap	65,9	66,7
Samtals	104,3	189,8
Alm. gjöld	58,0	106,8
Vextir	23,1	41,2
Fyrningar	23,2	41,8
Samtals	104,3	189,8

Rétt er að benda á að á árinu 1976 var tap nálægt tvöföldum tekjum fyrirtækisins. Það sem af er þessu ári er tapið þó ekki nema rúmlega helmingur tekna.

Rekstur frystihússins.

Eins og fram hefur komið er frystihúsið á Þórshöfn nýtt og talið mjög gott. Unnið er nú að uppgjöri reikninga þess fyrir fyrstu átta mánuði þessa árs. Eftirfarandi upplýsingar eru fengnar frá endurskoðunarskrifstofu þeirri, sem annast bókhald fyrirtækjanna.

1. Bókfært verð fasteigna og langtímaskuldir eru nokkurn veginn jafnt eða um 220 m. kr. Bókfært verð frystihússins og véla er 192,5 m. kr.
2. Veltufjárhlutfall er þolanlegt, um 11 m. kr. virðist vanta á að það nái 1:1.
3. Það, sem mestu máli skiptir, er að þessa átta mánuði virðist nettóhagnaður Hraðfrystistöðvarinnar h.f. hafa verið um 20 m. kr. Er þá búið að fyrna 17,5 m. kr. og greiða 30 m. kr. í vexti.

Heildarrekstur frystihúss og togara.

Rétt er að líta á rekstur frystihúss og togara sem eina heild þó um tvö fyrirtæki sé að ræða, enda kemur sameining þeirra til greina ef heppilegt þykir. Einnig er ljóst að ef eigendaskipti verða á fiskmjölsverksmiðjunni, sem er í eigu Hraðfrystistöðvarinnar, mun andvirði verksmiðjunnar ganga til Útgerðarfélagssins sem hlutafé eða með sameiningu.

Eins og fram kom hér að framan tapaði Útgerðarfélagið 66,7 m. kr. í ár á þeim átta mánuðum sem reikningarnir ná yfir, en Hraðfrystistöðin hagnaðist um 20 m. kr.

Tap fyrirtækjanna samanlagt er því 46,7 m. kr. Þetta er vitaskuld töluvert há tala, en þó mjög hófleg miðað við aðstæður. Bendir þetta til þess, að unnt ætti að vera að ná sæmilegum rekstrarárangri ef skipið kemst í sómasamlegt lag og ef á því verður góð áhöfn.

Endurhæfing b.v. Fonds.

Togarinn varð fyrir alvarlegri vélarbilun í haust og er nú í viðgerð í Hafnarfirði. Samtímis véla viðgerðinni hafa ýmis lagnakerfi í skipinu verið yfirfarin, gert við gólf í fiskmóttöku, sem var orðið mjög tært o. fl. Einnig er búnaður í fiskmóttöku endurnýjaður, sem var mjög lélegur og dró mjög úr afkastagetu skipsins sem veiðiskips. Þegar þessum viðgerðum er lokið má gera ráð fyrir að skipið sé komið í lag. En til þess að það standi öðrum samsvarandi skipum jafnfætis þarf á næstunni að setja á það skrófuhring og flottrolls búnað næsta vor auk ýmissa smærri endurbóta. Kostnaður er áætlaður sem hér segir:

Yfirstandandi viðgerðir og endurbætur	35 m. kr.
Skrófuhringur og flottroll	35 m. kr.
Annað	10 m. kr.
Samtals	80 m. kr.

Efnahagsstaða Útgerðarfélagis Þórshafnar h.f.

Hér fer á eftir einfaldaður efnahagsreikningur fyrirtækisins miðað við 31. ágúst s. l. í m. kr.

	Eignir	Skuldir
Veltufé og stuttar skuldir	33,5	217,6
Fastafé og löng lán	499,7	440,7
Neikvætt eigið fé	125,1	
Samtals	658,3	658,3

Eins og sjá má vantar 184.1 m. kr. á að veltufé og stuttar skuldir standist á. Hins vegar eru fastafjármunir 59 m. kr. hærri en löng lán. Að gengismun og erlendri innistæðu hjá Fiskveiðasjóði meðtöldum er bókfært verð skipsins 489.3 m. kr., og er óvarlegt að meta skipið hærra í því ástandi sem það er í. Segja má því, að ef fjárhagsstaða fyrirtækisins á að verða traust þurfi að afla fjár er nemur hinni neikvæðu lausafjárstöðu að viðbættum dráttarvöxtum og öðrum kostnaði síðan 31. ágúst sem gætu verið um 20 m. kr. Þetta er samtals 204.1 m. kr.

Á það skal bent, að fjöldi fyrirtækja er rekinn með neikvæða lausafjárstöðu að einhverju marki. Ef miðað væri við hlutfallið 1:2 er fjárförfin um 171 m. kr.

Samanlögð fjárförf vegna endurhæfingar togarans og til að bæta fjárhagslega stöðu útgerðarfélagisins er þá á bilinu 251—284 m. kr. Ef gert er ráð fyrir að 15 m. kr. fái að láni eftir eðlilegum leiðum vegna endurbóta á skipinu vantar 236—269 m. kr.

Fiskimjölsverksmiðjan á Þórshöfn.

Verksmiðjan var byggð á árinu 1966 sem síldarverksmiðja, en var mjög lítið notuð. Hún er nú í eigu Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h.f. og er hluti hennar notaður sem heinamjölsverksmiðja fyrir frystihúsið, en er að öðru leyti ógangfær.

Í skýrslu „loðnubræðslunefndar“ er verksmiðjan á Þórshöfn talin upp fyrst þeirra ó- eða lítt starfhæfu verksmiðja sem koma þurfi í fulla vinnslu. Á s. l. vetri fóru eigendur verksmiðjunnar fram á að fá fyrirgreiðslu til að koma verksmiðjunni í rekstrarhæft ástand. Var þá lögð fram kostnaðaráætlun frá Stefáni Erni Stefánsyni verkfræðingi upp á um 50 m. kr., sem miðaðist við að verksmiðjan yrði starfhæf í sama tæknilega gæðaflokki og hún var í nýbyggð.

Ekki var unnt að veita Hraðfrystistöð Þórshafnar þessa fyrirgreiðslu eins og á stóð. Eins og málum er nú komið hjá systurfyrirtæki Hraðfrystistöðvarinnar, Útgerðarfélagi Þórshafnar, er mjög ólíklegt að eigandi verksmiðjunnar megni að koma

verksmiðjunni í lag þó fyrirgreiðsla fengist, enda telja forsvarsmenn Þórshafnar rekstur útgerðarfélagssins skipta staðinn höfuðmáli og leggja alla áherslu á að koma honum á sæmilegan grundvöll, enda hefur stjórn Hraðfrystistöðvarinnar boðið Síldarverksmiðjum ríkisins verksmiðjuna til kaups í þeim tilgangi að nota andvirðið til að koma fótunum undir útgerðarfélagið að nýju. Framkvæmdastofnun ríkisins hefur látið þá skoðun koma fram, að ekki sé önnur leið fær til að ná því marki en að koma þessum eigendaskiptum á.

Stefán Örn Stefánsson verkfræðingur hefur gert áætlun um endurbyggingarverð verksmiðjunnar og einnig reynt að gera sér grein fyrir hugsanlegu söluverði hennar. Fara þær upplýsingar hér á eftir.

Talið er að meðalafkastageta verksmiðjunnar sé 250 tn. á sólarhring. Áætlað verð nýrrar verksmiðju af þeirri stærð, sem fullnægði mestu tækniröfum, sé 800—850 m. kr.

Endurbyggingarverð þessarar verksmiðju, eins og hún er, er áætlað.

Vélar	324,9 m. kr.
Hús	75,8 m. kr.
Samtals	400,7 m. kr.

Viðgerðarkostnaður verksmiðjunnar frá núverandi ástandi ásamt töluverðum endurbótum er áætlaður miðað við verðlag í dag 105 m. kr. Við það má bæta kostnaði við að endurnýja skilvindu, bæta við mjölskilvindu o. fl. að upphæð 25 m. kr.

Þessar endurbætur innif. í 105 m. kr. og 25 m. kr. eru samtals 79 m. kr., og er verksmiðjan þá kominn í 478 m. kr. Áætlað er að soðkjarnatæki ásamt katli kosti 80 m. kr.

Þegar tillit er tekið til afskrifta af verksmiðjunni endurbyggðri og viðgerðarkostnaður (en ekki endurbætur) dreginn frá kemur eftirfarandi fram:

Endurbyggingarverð	400,7 m. kr.
Viðgerðir (105 ÷ 53)	52,0 m. kr.
Afskriftir, 25%	87,0 m. kr.
Eftir stendur	261,7 m. kr.

Framtíðarrekstur togara og frystihúss.

Undirritaður dregur þá ályktun af rekstrarangri hraðfrystihúss og togara á líðandi ári miðað við aðslæður að ef Þórshafnarbúar hefðu fengið að kaupa skutogara, sem var í sæmilegu lagi, stæði rekstur þeirra nú á nokkuð traustum fótum. Þeir þyrftu ekki á opinberri aðstoð að halda vegna þessa rekstrar og væru að líkindum þess megnugir að koma fiskmjölsverksmiðjunni í lag sjálfir með eðlilegri lánaþyrngreiðslu.

Það hlýtur að vera markmið ríkisvaldsins gagnvart stöðum slíkum sem Þórshöfn að stuðla að því fyrst og fremst að atvinnulíf þeirra sé traust og arðbært og rekstur þýðingarmestu atvinnufyrirtækja sé í höndum heimamanna. Undirstaða atvinnulífs staðarins er hið nýja frystihús og fái það nægilegt hráefni virðist rekstur þess vera það arðbær að það geti, ef nauðsynlegt er, veitt rekstri togara talsverða tryggingu. Að þeirri viðgerð lokinni, sem nú stendur yfir á b.v. Fonti, og ef unnt verður að gera á honum þær endurbætur, sem taldar nauðsynlegar, stendur skipið tæknilega jafnfætis öðrum skipum svipaðrar stærðar.

Reyndur fiskimaður hefur tekið við stjórn skipsins, sem sýnt hefur það með störfum sínum nú á meðan skipið hefur verið í viðgerð, að hann vill leggja sig fram við að koma útgerðinni í lag. Hann hefur útvegað reynda vélstjóra á skipið og hefur tekið að sér að útvega áhöfn á það að öðru leyti.

22. nóvember 1977.

Bjarni Einarsson.

Fylgiskjal VII.

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS Byggðadeild

Til: Forsætisráðherra.

Frá: Framkvæmdastofnun ríkisins.

Efni: Framtíðarrekstur útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja á Þórshöfn.

Nýlega óskaði hæstvirt ríkisstjórn eftir umsögn Framkvæmdastofnunar ríkisins um hugsanleg kaup Sildarverksmiðju ríkisins á fiskmjölsverksmiðju Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. og hvort andvirði verksmiðjunnar nægði til að koma rekstri útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjanna á Þórshöfn á traustan fjárhagslegan grundvöll.

Framkvæmdastofnunin tilnefndi Bjarna Einarsson, framkvæmdastjóra Byggðadeildar, til að athuga mál þetta, og sjávarútvegsráðherra tilnefndi Ingimar Einarsson, deildarstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu, til þessa starfs.

Athuganir undirritaðra hafa beinst annars vegar að því, hvert verðmæti verksmiðjunnar er og aðstaða hennar til rekstrar, og hins vegar að fjárhagsstöðu Útgerðarfélag Þórshafnar hf. og Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. Vísun við til greinargerðar til sjávarútvegsráðherra, dags. 22. nóvember s. l., sem dreift mun hafa verið til hæstvirma ráðherra. Í þessari greinargerð kemur m. a. fram, að nauðsynlegt er að skjót ákvörðun verði tekin í máli þessu, svo og upplýsingar um rekstur framangreindra fyrirtækja á Þórshöfn, um verksmiðjuna og um aðdraganda þeirra erfiðleik sem hér um ræðir. Munum við nú hér á eftir gera mjög stuttlega grein fyrir þeim atriðum, sem við teljum mestu máli skipta að því er varðar ákvörðunartöku um hvort rétt sé að Sildarverksmiðjur ríkisins kaupi verksmiðjuna á Þórshöfn.

Rekstraraðstaða loðnubræðsluverksmiðju á Þórshöfn.

Um almenna þjóðhagslega þýðingu loðnubræðsluverksmiðju á Þórshöfn vísun við til álits „Loðnubræðslunefndar“.

Ljóst er að verksmiðja á Þórshöfn, eins og Raufarhafnarverksmiðjan, liggur vel við loðnuveiðum í lok sumarvertíðar og í upphafi vetrarvertíðar. Einnig liggur verksmiðjan sæmilega gagnvart flutningum á nokkru lengra tímabili þegar veiði er mikil, og til greina koma flutningar til hennar á kolmunna ef þær veiðar þróast eins og vonir standa til.

Í sumar er gert ráð fyrir dýpkun við viðlegubraut fram undan verksmiðjunni og geta þá nær öll nótaskip landað þar. Gert er ráð fyrir gerð grjóttgarðs, sem tryggja mun mjög gott skjól við þessa viðlegubraut, og með framlengingu kantsins og frekari dýpkun fæst með viðráðanlegum kostnaði nægilegt dýpi fyrir hvaða loðnuskip sem er.

Verðmæti verksmiðjunnar.

Ekki eru tók á þeim tíma, sem til ráðstöfunar er, að fá fullkomið mat á verðmæti verksmiðjunnar. Leitað var álits Stefáns Arnars Stefánssonar verkfræðings, sem er þessari verksmiðju mjög kunnugur.

Stefán telur endurbyggingarverð verksmiðjunnar vera 400.7 m. kr. miðað við óbreytta tækni. Hann telur viðgerðarkostnað hennar vera 105.0 m. kr. Þar af eru hreinar viðgerðir 52 m. kr., en endurbætur um 53 m. kr. Þegar tillit er tekið til þessa viðgerðarkostnaðar og afskrifta telur Stefán verðmæti verksmiðjunnar, eins og hún nú er, vera um 250 m. kr. Þetta er sú upphæð sem við gerum hér ráð fyrir sem kaupverði verksmiðjunnar.

Þjóðhagslegur kostnaður.

Þjóðhagslegur kostnaður við að koma Þórshafnarverksmiðjunni í gang er kostnaðurinn við viðgerðirnar og lágmarksendurbætur, 105 m. kr. Ljóst er að fjárhagserfiðleikar Útgerðarfélags Þórshafnar hf. valda því að núverandi eigandi megnar ekki á næstu árum að gera verksmiðjuna gangfæra.

Að framangreindum aðgerðum loknum verður um að ræða verksmiðju með 250 tn. meðalafköstum á sólarhring, sem skarar ekki fram úr í tækni né nýtingu, en verður sambærileg mörgum verksmiðjum, sem nú eru reknar með góðum árangri. Stefán Örn Stefánsson bendir á, að unnt sé að bæta verksmiðjuna verulega með endurnýjun og viðbót við skilvindur fyrir um 25 m. kr. og með soðkjarnatækjum, sem ásamt katli kosti um 80 m. kr. Eðlilegt er að rekstur verksmiðjunnar fyrstu árin skæri úr um hve langt verður gengið í að endurbæta hana. Til samamburðar skal þess getið, að Stefán Örn Stefánsson áætlar kostnaðarverð nýrrar 250 tn. verksmiðju, sem byggð væri eftir fyllstu tækniröfum, 800—850 m. kr.

Fjárskortur fyrirtækjanna á Þórshöfn.

Með greinargerð þessari eru fylgiskjöl sem sýna höfuðatriði reikninga þessara fyrirtækja miðað við 31. ágúst s.l.

Fjárskorturinn kemur eingöngu fram hjá Útgerðarfélagi Þórshafnar hf. og er sem hér segir:

1. Kostnaður vegna yfirstandandi viðgerða og endurbóta á b.v. Fonti, áætlað	35 m. kr.
2. Nauðsynlegar endurbætur á skipinu á næsta ári, áætlað	45 m. kr.
3. Greiðsla vanskila- og lausaskulda sem jafnframt bæti eiginfjárstöðu fyrirtækisins	125 m. kr.
4. Áætlað tap til áramóta	20 m. kr.
5. Áætlað tap 1978	25 m. kr.
Samtals	245 m. kr.

Hér er gert ráð fyrir greiðslu lausaskulda og vanskilaskulda sem nemur neikvæða eigin fé útgerðarfélagsins, og að það fjármagn sé hlutafjárframlag Hraðfrystistöðvarinnar. Gert er ráð fyrir áfallalausum rekstri b.v. Fonti og minnkandi tapi, sem verði horfið 1979. Hins vegar er ekki reiknað með lánnum Fiskveiðasjóðs eða annarra út á endurbætur á skipinu, sem þó er líklegt að fáist, sem er varnagli. Rétt er og að benda á, að Útgerðarfélagið getur haft mikinn stuðning af systurfyrirtæki sínu, Hraðfrystistöðinni, sem virðist nú standa vel fjárhagslega.

Það er álit undirritaðra, að útvegum framangreindrar upphæðar, ekki síst ef um áhættufjármagn verður að mestu eða öllu leyti að ræða í formi peninga eða skuldabréfa, tryggji fjárhagslegan grundvöll Útgerðarfélags Þórshafnar hf. nægilega vel. Tökum við tillit til þess, að b.v. Fontur mun standa öðrum áþekktum togurum jafnfætis tæknilega, og til þess, að til skipstjórnar hefur fengist mjög álitlegur maður. Við teljum einnig að hinn ágæti árangur, sem náðst hefur í rekstri Hraðfrystistöðvarinnar hf., sem skilaði 20 m. kr. nettóhagnaði fyrstu átta mánuði þessa árs, bendi til að stjórnendur fyrirtækjanna muni ná góðum tókum á rekstrinum.

Rekstur fyrirtækjanna á Þórshöfn í ár.

Á meðfylgjandi fylgiskjöllum sést að rekstur Útgerðarfélags Þórshafnar hf. var neikvæður fyrstu átta mánuði þessa árs um 66.7 m. kr. Hinar tíðu bilanir b.v. Fonti eru aðalástæða þess, hve hallinn er mikill. Hins vegar kemur í ljós, að rekstur Hraðfrystistöðvar Þórshafnar hf. var mjög hagstæður, en hreinn hagnaður af honum nær 20 m. kr., sem fyrr segir. Þegar reikningar fyrirtækjanna eru lagðir saman, kemur í ljós að til samans eiga fyrirtækin vel fyrir skuldum og er þó miðað við úrelt brunabótamat fasteigna.

Niðurstöður.

Dýðing Þórshafnar í byggðakeðju Norðausturlandsins er ómetanleg. Telja má víst að hnignun Þórshafnar hafi mjög slæm áhrif á nærliggjandi staði, Raufarhöfn, Bakkafjörð og Vopnafjörð, hurt séð frá þeim miklu verðmætum sem fara mundu forgörðum á stöðunum sjálfum. Með þetta í huga er einnig ljóst, að á Þórshöfn verða að vera framfarir sambærilegar framförum annars staðar í landinu. Skilyrði þessa er traust atvinnulíf, og eins og sakir standa er ekki um aðra leið að ræða en að tryggja rekstur b.v. Fóns.

Það, sem fram hefur komið hér að framan, bendir eindregið til þess, að verðmæti fiskmjölsverksmiðjunnar á Þórshöfn sé áþekkt upphæð og á vantar til að tryggja fjárhagslegan grundvöll Útgerðarfélag Þórshafnar hf. Með þetta í huga og einnig hitt, að ekki verður annað séð en að viðgerð og rekstur þessarar fiskmjölsverksmiðju sé þjóðhagslega mjög hagkvæmur, mælum við undirritaðir eindregið með að Síldarverksmiðjur ríkisins kaupi verksmiðjuna.

24. nóvember 1977.

Bjarni Einarsson. Ingimar Einarsson.

ÚTGERÐARFÉLAG ÞÓRSHAFNAR HF. Reikningar pr. 31. 8. 1977. Þús. kr.

	Gjöld	Tekjur
Rekstrarreikningur		
Tekjur		123 144
Almenn gjöld	106 751	
Vextir	41 198	
Afskriftir	41 845	
Tap		66 650
	189 794	189 794
	Eignir	Skuldir
Efnahagsreikningur		
Veltufé og st. skuldir	33 480	217 580
Fasteignir og löng lán	499 720	440 706
Neikvætt eigið fé	125 086	
	658 286	658 286

HRAÐFRYSTISTÖÐ ÞÓRSHAFNAR HF.
Reikningar pr. 31. 8. 1977.
Þús. kr.

	Gjöld	Tekjur
Rekstrarreikningur		
Tekjur		419 852
Almenn gjöld	352 573	
Vextir	29 768	
Afskriftir	17 500	
Hagnaður	20 011	
	419 852	419 852
	Eignir	Skuldir
Efnahagsreikningur		
Veltufé og st. skuldir	166 946	185 270
Fasteignir og löng lán	224 355	168 835
Eigin fé		37 196
	391 301	391 301
Brunabótamat fasteigna og véla		392 250
Bókfært verð fasteigna og véla		201 955
Mismunur		190 296
	Eignir	Skuldir
Efnahagsreikningur		
m. v. brunabótamat fasteigna		
Veltufé og st. skuldir	166 946	185 270
Fasteignir og löng lán	414 651	168 835
Eigin fé		227 492
	581 597	581 597

ÚTGERÐARFÉLAG ÞÓRSHAFNAR OG HRAÐFRYSTISTÖÐIN „SAMEINUÐ“
Reikningar pr. 31. 8. 1977.
Þús. kr.

	Gjöld	Tekjur
Rekstrarreikningur		
Heildartekjur		542 996
Almenn gjöld	459 324	
Vextir	70 966	
Afskriftir	59 345	
Tap		46 639
	589 635	589 635
	Eignir	Skuldir
Efnahagsreikningur		
m. v. brunabótamat fasteigna		
Veltufé og stuttar skuldir	200 426	402 850
Fasteignir og löng lán	914 370	609 541
Eigin fé		102 405
	1 114 796	1 114 796

Hr. forsætisráðherra,
Geir Hallgrímsson,
Stjórnarráðshúsinu,
Reykjavík.

Reykjavík, 24. nóvember 1977.

Hér með sendum við yður, hr. forsætisráðherra, greinargerð um rekstur útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja á Þórshöfn og hugsanleg kaup Síldarverksmiðja ríkisins á fiskmjölsverksmiðjunni á staðnum. Við viljum taka það fram, að við erum samþykkir efni þessarar greinargerðar. Sú aðgerð virðist muni tryggja fjárhagslegan grundvöll og rekstur Útgerðarfélags Þórshafnar hf.

Rétt er að taka fram, að við gerum alls ekki ráð fyrir að andvirði verksmiðjunnar verði greitt út í einu lagi. Greiðslukjör verða að sjálfsgöðu samkomulagsatriði, en við erum sannfærðir um að unnt verður að finna greiðslukerfi sem fullnægir háðum aðilum.

Að síðustu viljum við leggja áherslu á nauðsyn skjótrar ákvörðunar í máli þessu.

Virðingarfyllt,

FRAMKVÆMDASTOFNUN RÍKISINS

Sverrir Hermannsson. Tómas Árnason.

Fylgiskjal VIII.

SÍLDARVERKSMIÐJUR RÍKISINS

Sjávarútvegsráðuneytið,
Lindarbæ, Lindargötu,
Reykjavík.

Reykjavík, 26. október 1977.

Á fundi stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, sem haldinn var í dag, þar sem allir stjórnarmenn voru viðstaddir, þeir Þorsteinn Gíslason, Jón Kjartansson, Björgvin Jónsson, Einar Ingvarsson, Hannes Baldvinsson, Ingólfur Stefánsson og Guðfinnur Einarsson, var beiðni Einarssonar, aðstoðarmanns sjávarútvegsráðherra, til stjórnar S.R. frá 23. ágúst s.l. um umsögn við bréfi Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h.f. 18. ágúst s.l. til ríkisstjórnarinnar um að S.R. kaupi síldarverksmiðjuna á Þórshöfn tekin til afgreiðslu.

Samþykkt var með öllum atkvæðum stjórnarmanna að svara beiðninni þannig:

Verksmiðja þessi, sem stjórn S.R. og framkvæmdastjórar skoðuðu í ágúst s.l. var byggð á árunum 1965-1966 til vinnslu síldar og var afkastageta hennar talin nálægt 300 tonnum á sólarhring. Sú reynsla, sem fengist hefur við vinnslu loðnu í verksmiðjum S.R., hefur sýnt, að lækka megi þessa tölu um 15-25% þegar loðna er unnin.

Ástand verksmiðjunnar er slæmt, sem ekki er óeðlilegt, þar sem hún hefur ekki verið starfrækt í 11 ár, að undanskilinni beinavinnslu, en við hana er aðeins notaður annar þurrkarinn, mjölkvarnir og vogir. Um ástand einstakra véla í verksmiðjunni er erfitt að dæma nema við nákvæma skoðun og jafnvel prufukeyrslu. Ljóst er að verksmiðjan er illa búin undir loðnuvinnslu, þar sem skilvindakostur hennar er ónógur, og er þá átt bæði við lýsisskilvindur og mjölskilvindur. Auk þessa eru engin eimingartæki fyrir soð í verksmiðjunni, en vegna hins mikla vökva, sem þarf að vinna við bræðslu loðnu, þarf skilvindakostur að vera meiri við vinnslu loðnu en síldar. Þurrkaraafköst eru hins vegar meiri en nauðsynlegt er, enda var gert ráð fyrir þurrkun síldarsoðsins í þurrkurum, en slík vinnsla þekkist vart nú vegna mikillar olfueyðslu.

Fyrirkomulag véla í verksmiðjunni er öfugsnúið og veldur því m. a., að illmögulegt er að komast að vélum og tækjum. Verksmiðja og mjölgeymsla eru í sama húsi, óaðskilin, sem er óhæft, m. a. vegna geymslu mjölsins og eldhættu.

Löndunaraðstaða við verksmiðjuna er engin, tækjabúnaður ekki til og hafnaraðstaða ónothæf fyrir þau loðnuskip, sem nú stunda veiðar. Enginn lýsisgeymir er á staðnum.

Hráfnisgeymslur eru 3 tankar, samtals um 2800 m³ eða fyrir um 2500 tonn af loðnu, sem væri nægilegt fyrir um það bil 10 daga vinnslu, miðað við afkastagetu pressu og sjóðara. Þetta geymslurými er of lítið, þegar tillit er tekið til staðsetningar verksmiðjunnar. Hráfnisgeymarnir líta mjög illa út og eru orðnir tærðir, m. a. vegna þess að þeir eru óvarðir fyrir sjóroki og sjór gengur undir þá, þar sem úttakssniglar eru. Geymslurnar hafa sennilega aldrei verið málaðar.

Ljóst er að mikið fé þarf til að koma þessari verksmiðju í gang, ekki sist þegar miðað er við þau afköst sem fást. Þar að auki kosta hafnarframkvæmdir stórfé.

Landfræðilega liggur verksmiðjan ekki vel við loðnumiðunum. Það hefur m. a. sýnt sig í sumar, að verksmiðja S. R. á Raufarhöfn hefur ekki fengið nema um 13 000 tonn af loðnu, þrátt fyrir mjög góða veiði, en það er aðeins um 20 daga vinnsla. Möguleikar verksmiðjunnar á Þórshöfn til að fá hráefni eru mestir í byrjun vetrarvertiðar. Sigling skipa að austan fyrir Langanes er mjög álíka til Þórshafnar og Raufarhafnar, þannig að sú loðna, sem til Þórshafnar færi, mundi í flestum tilfellum draga úr stöðugleika í rekstri Raufarhafnarverksmiðjunnar, sem hefur verið óstöðugur bæði í vinnslu sumar- og vetrarloðnu vegna hráfnisskortis.

Eftir meira en áratuga stöðvun á allri endurnýjun á vélakosti S. R. hefur nú myndast nokkurt svigrúm til að færa hluta vinnslunnar í nútímahorf, en mikil verkefni bíða þó úrlausnar í þeim verksmiðjum, sem starfræktar eru til loðnavinnslu.

Verksmiðja S. R. á Skagaströnd, sem virðist ásamt verksmiðju S. R. á Siglufirði vera best staðsett gagnvart loðnuveiðum að sumarlagi, er ekki starfrækt til loðnavinnslu. Trúlega kostar 400 til 500 milljónir króna að koma þar upp nýttískulegri loðnuverksmiðju með um 700 tonna afköstum á sólarhring. Hafnarframkvæmdir standa yfir á Skagaströnd og ætti sú verksmiðja að geta orðið tilbúin til starfrækslu síðari hluta árs 1978, ef ákvörðun yrði tekin strax. Stjórn S. R. telur þessa fjárfestingu eiga að sitja í fyrirrími, og hefur stjórnin fullan hug á að fara í þá framkvæmd ef fé er fánlegt. Frekari fjárfestingar telur stjórn S. R. fyrir-tækinu ofviða, nema allt það fjármagn, sem til þeirra þarf, sé látið fyrirtækinu í té.

Jafnframt að senda hæstvirtu sjávarútvegsráðuneyti framanritað álit varðandi Þórshafnarverksmiðjuna, telur stjórn S. R. rétt að minna á niðurstöðu áfangaskýrslu „Loðnubráðslunefndar“, dags. 28. febrúar 1977.

Virðingarfyllt,

f. h. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins

Jón R. Magnússon.

Fylgiskjal IX.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Rauðarárstíg 31
Reykjavík.

Reykjavík, 25. nóv. 1977.

Eins og yður er kunnugt hafa málefni Þórshafnar verið allmikið til umræðu í stofnun yðar undanfarnar vikur og þó einkum með það í huga, að vandamál staðarins yrðu leyst á þann veg að Sildarverksmiðjur ríkisins keyptu sildarverksmiðju Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h/f og á þann hátt yrði fjárhagsgrundvelli Útgerðarfélag Þórshafnar h/f komið í viðhlitandi horf til frambúðar.

Nú hefur ákvörðunartaka í máli þessu dregist svo, að staða Hraðfrystistöðvar Þórshafnar h/f og Útgerðarfélag Þórshafnar h/f stefnir hraðbyri til gjaldþrots, og förum við því fram á að Framkvæmdastofnun ríkisins láni 50 millj. kr. til að leysa þetta lífshagsmunamál Þórshafnar. Þar af þyrftu 15 millj. kr. að greiðast þegar í stað, og 35 millj. kr. á næstu tveimur vikum. Þessi beiðni er fram sett til að ljúka viðgerð á b/v Fonti ÞH 255, sem taka mun um hálfan mánuð frá þeim tíma sem hún gæti hafist á ný, og losa um skuldbindingar, sem hvíla á skipinu og hafa haldsrétt í því. Þá skal og bent á það, að frá s.l. mánaðamótum hafa verið um 60 manns á atvinnuleysisskrá á Þórshöfn og verða það um ófyrirsjáanlega framtíð, ef ekki rætist úr atvinnumálum staðarins.

Virðingarfyllst,
F. h. Þórshafnarhrepps
Bjarni Aðalgeirsson,
sveitarstjóri.

Ingvar Gíslason, alþm. Ingi Tryggvason, alþm. Stefán Valgeirsson, alþm.
Lárus Jónsson, alþm. Halldór Blöndal, alþm. Jón G. Sólnes, alþm.
Stefán Jónsson, alþm.

Fylgiskjal X.

Lánveitingar Byggðasjóðs til hraðfrystihúss og togaraútgerðar á Þórshöfn 1973—1978.

1973 Bygging frystihúss	3.0 millj. kr.
1974 Bygging frystihúss	4.0 millj. kr.
1975 Bygging frystihúss	10.6 millj. kr.
1976 Bygging frystihúss	28.4 millj. kr.
	<hr/>
	46.0 millj. kr.
1976 Vegna kaupa á b/v Fonti	28.4 millj. kr.
1977 Vegna fjárhagserfiðleika útgerðar	15.0 millj. kr.
1978 Vegna viðgerða Fonts o. fl.	44.2 millj. kr.
1978 Vegna fjárhagserfiðleika frystihúss	7.6 millj. kr.
	<hr/>
	95.2 millj. kr.
1978 Ónotuð lánsheimild	13.0 millj. kr.
	<hr/>
	108.2 millj. kr.
Lánveitingar alls 1973—1978	154.2 millj. kr.

Rétt er að taka fram, að lánveitingar til frystihúsbyggingarinnar eru liður í hinni almennu hraðfrystihúsaáætlun.